

## EFNISNÁMA Í LANDI SIGLUVÍKUR, SVALBARÐSSTRANDARHREPPI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka úr námu í landi Sigluvíkur, Svalbarðsstrandarhreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Svalbarðsstrandarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem geri ráð fyrir námunni. Bendir Skipulagsstofnun á að ef forminjar finnast meðan á framkvæmdum stendur ber að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að allir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. mars 2009.

26. febrúar 2009

## INNGANGUR

Þann 30. janúar 2009 tilkynnti Guðmundur Bjarnason, bóndi á Svalbarði í Svalbarðsstrandarhreppi, fyrirhugaða efnistöku úr námu í landi Siglúvíkur á Svalbarðsströnd til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Svalbarðsstrandarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Svalbarðsstrandarhreppi með bréfi dags. 12. febrúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 17. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. febrúar 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. febrúar 2009 og Vegagerðinni með bréfi dags. 4. febrúar 2009.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Tilkynnt er um fyrirhugaða efnistöku í landi Siglúvíkur á Svalbarðsströnd. Fram kemur að efnistökusvæði sé um 1.9 hektarar og staðsett skammt norðan við bæinn Siglúvík og ofan Hringveggar. Um sé að ræða klapparholt, að mestu leyti ógróið, umgirt túnum, þau sem næst séu, séu í órækt. Snjór safnist vestan við holtið, þar sem náman sé og Vegagerðinni sé akkur í að losna við klöppina og auka öryggissvæði meðfram þjóðveginum á þeim stað.

Fram kemur að fyrirhugað sé að vinna um 100.000 m<sup>3</sup> af grjóti úr námunni í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn verði um 60.000 m<sup>3</sup> og afmarkist af svæði ofan við eldri Hringveg, sem liggja um námusvæðið og verði byrjað nyrst í námunni og hún unnin til suðurs. Vinna við þennan áfanga verði að miklu leyti í vari við þann hluta námunnar, sem unnin verði í seinni áfanga og náman því lítið sýnileg frá Hringvegi meðan á fyrri áfanga standi. Seinni áfangi (um 40.000 m<sup>3</sup>) verði vel sýnilegur frá Hringvegi, þar sem náman liggja milli vegarins og eldri Hringveggar.

Fram kemur að náman verði aðgengileg um eldri Hringveg og krefjist ekki sérstakrar vegalagningar. Strax og verk hefjist verði um 20.000 m<sup>3</sup> fluttir fluttir burt, til þess að skapa rými fyrir áframhaldandi vinnslu og haugsetningu efnis. Þar sem náman sé að hluta innan veghelgunarsvæðis Hringveggar sé ráðgert að hafa samráð við Vegagerðina um tilhögun verksins. Eftir því sem á efnistöku líði muni klapparholtið hverfa smám saman. Gert sé ráð fyrir land verði mótað í lok vinnslu. Fyllt verði í námuna eftir þörfum og gert tún með jöfnum halla til vesturs að þjóðvegi.

Fram kemur að efnistöku sé ætlað að mæta þörf fyrir jarðefni til framkvæmda og bygginga í Eyjafirði. Áætlað sé að efnistaka hefjist um leið og tilskilin leyfi fáist og hún taki í heild um 5 ár, þar af um þrjú ár í fyrri áfanga. Hins vegar gæti tímaáætlun riðlast, verði breytingar á eftirspurn og framkvæmdum í Eyjafirði á næstunni.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að við efnisnám á svæðinu verði landslagi breytt. Vestasti hluti klapparholtsins hverfi og slétt, hallandi tún komi í staðinn. Nýta megi námuna sem losunarsvæði fyrir jarðveg, sem jafna megi út við lokafrágang. Nýtt tún muni falla ágætlega að aðliggjandi túnum og bæta nýtingu þeirra.

**Áhrif á gróðurfar og dýralíf.** Fram kemur að áhrif á gróðurfar og dýralíf verði staðbundin. Klöppin hafi ekki verið rannsökuð sérstaklega, en ekki séu vísbendingar um að þar sé að finna sjaldgæfar plöntutegundir eða plöntur á valista. Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar sé ekki að finna háplöntur á valista í grennd við

Sigluvík. Eftir lokafrágang verði gróðurfar á svæðinu allt annað en nú er, þar sem ræktað tún muni koma í stað gróðurlítillar klappar.

**Áhrif á hljóðvist.** Fram kemur að um 360 m séu frá suðurmörkum námasvæðisins að næsta íbúðarhúsi, sem sé í Sigluvík. Um 265 m séu að sumarhúsi sunnan svæðisins og ofan þjóðveggar. Um 715 m séu að bæjarhúsum á Breiðabóli norðan svæðisins. Náman verði unnin frá norðri og suðurhluti klapparinnar muni skerma af hljóð gagnvart byggð sunnan svæðisins þangað til námuvinnslan nálgist suðurmörk námunnar. Þá sé náman nokkuð hærra í landi en næstu bæir og því muni lægri svæði, vestan vegar, verða að einhverju leyti í skjóli fyrir hávaða. Áhrif á nálæga byggð verði að öllum líkindum óveruleg en þegar unnið verði syðst í námunni verði mögulegt að koma fyrir hljóðskermum við suðurmörk hennar.

**Áhrif á fornminjar.** Fram kemur að undir klapparendanum vestan þjóðveggar, sé kvíatóft (SP-007:030), en framkvæmdir muni þó engin áhrif hafa á minjarnar. Sunnan framkvæmdasvæðis sé heimild um túngarð (SP-007:011), en engin merki hans sé sjáanleg. Efnistaka muni ekki ná inn á aðliggjandi tún og því ekki hafa nein áhrif á fornminjar, sem þar kunni að vera.

**Áhrif á umferðaröryggi.** Fram kemur að gamli þjóðvegurinn, sem liggja um námuna, verði nýttur sem aðkomuleið að námunni frá núverandi þjóðvegi og muni tengjast honum skammt norðan við námuna. Umferð flutningabíla mun aukast þegar náman verði í notkun, en hún muni ekki hafa meiri áhrif á nálæga byggð en önnur umferð um þjóðveginn.

Fram kemur að þegar námuvinnslu ljúki og holtið hafi verið fjarlægt, muni minni snjór safnast á Hringveg vestan núverandi klapparholts og hætta á slysum vegna útafaksturs muni minnka, þar sem öryggissvæði vegarins verði án hindrana.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að verið sé að gera breytingar á Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020, m.t.t. námunnar. Hún muni ekki hafa áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir s.s. vegaáætlun eða náttúruverndaráætlun.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Svalbarðsstrandarhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á náttúrufar.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði, sé hvorki á verndarsvæði né innan svæðis á náttúrminjaskrá.

**Áhrif á fornminjar.** Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Engar skráðar fornleifar séu á efnistökusvæðinu. Efnistökusvæðið verði allt austan núverandi þjóðveggar, en tóftir kvíar (SP-007:030) séu vestan hans og ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Aðrar fornleifar séu ekki í næsta nágrenni efnistökusvæðisins og því muni fyrirhuguð efnistaka ekki hafa áhrif á fornleifar.

**Sjónræn áhrif.** Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdanna verði sjónræn meðan á vinnslutíma standi. Unnt verði að draga úr þeim áhrifum með því að skipuleggja vinnuna á þann hátt sem gert sé ráð fyrir, samkvæmt tilkynningu.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur mikilvægt að gerðar verði ráðstafanir til að lágmarka fok vegna vinnslu og efnisflutninga, svo þeir valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða u.þ.b. 1,9 hektara efnistökusvæði, sem staðsett er austan Hringveggar norðan við bæinn Siglúvík í Svalbarðsstrandarhreppi. Fyrirhugað er að vinna um 100.000 m<sup>3</sup> af grjóti úr námunni í tveimur áföngum á u.þ.b. fimm árum, þar af 60.000 m<sup>3</sup> í fyrri áfanga. Fram kemur að efnistökunni sé ætlað að mæta þörf fyrir jarðefni til framkvæmda og bygginga í Eyjafirði.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhuguð efnistaka muni ekki hafa áhrif á fornminjar, né fara fram á verndarsvæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Áhrifin verði helst sjónræns eðlis, en verði þeirri áfangaskiptingu fylgt, sem kynnt er í tilkynningu, verði áhrifin óveruleg. Einnig liggur fyrir að þegar efnistöku lýkur og búið að ganga frá framkvæmdasvæðinu, eru líkur á að umferðaröryggi á svæðinu verði meira en nú er, þar sem snjósöfnun við þjóðveginn verði minni og öryggissvæði vegarins stærra, en nú er.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Guðmundar Bjarnasonar við tilkynningu og umsagnir umsagnaraðila. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka úr námu í landi Siglúvíkur, Svalbarðsstrandarhreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Svalbarðsstrandarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem geri ráð fyrir námunni. Bendir Skipulagsstofnun á að ef fornminjar finnast meðan á framkvæmdum stendur ber að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að allir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. mars 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson